

# Rafrænn aðalfundur Samfés 2020

Miðvikudaginn 16. september kl.09.00 – ZOOM.

Dagskrá Fundar:

Fundur settur

1. Skýrslur stjórnar og nefnda kynntar
2. Inntaka nýrra félaga (niðurstöður kosninga kynntar)
3. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar
4. Niðurstöður kosninga um lagabreytingatillögur kynntar
5. Niðurstöður úr kosningu í stjórn Samfés kynntar
6. Farið yfir dagskrá Samfés og uppfærslur kynntar
7. Tilnefningar í nefndir og ráð
8. Önnur mál

1. Aðalfundur settur kl.09.05.

1.1 Formaður setur fund

1.2 Tilnefning fundarstjóra og ritara

Fundarstjóri: Guðmundur Ari

Ritarar: Hrafnhildur og Laufey

Fundarstjóri tilkynnir að fundurinn verði í upptöku.

2. Skýrsla stjórnar og nefnda

2.1 Skýrsla formanns

Svava formaður fer yfir skýrslu.

2.2 Skýrslur ungmennaráða Samfés

Hrafnhildur Una Magnúsdóttir og Karítas Sól Þórisdóttir kynna skýrslu ungmennaráðs Samfés.

Embla Líf Hallsdóttir kynnar skýrslu ungmennaráðs ungmennahúsa Samfés

### 2.3 Skýrsla erlendra samskipta

Linda Björk Pálsdóttir kynnar skýrslu

Fundarstjóri leggur til að liður 5. Lagabreytingar verði á dagskrá á undan lið fjögur.

Samþykkt.

3. Inntaka nýrra félaga.

Myndbönd sýnd og kosningar kynntar í kjölfarið.

**Hrafninn** - Forstöðumaður: Ásgerður Stefanía Baldursdóttir. Skógagerði 6a, 200 Kópavogur. Starfið hófst 2008 og er Frístund fyrir krakka í 5.-10. bekk með sérþarfir í kópavogi.

Samþykkt með 81,3% greiddra atkvæða, en 9,4% sátu hjá.

**Nemendasamband Tækniskólans** – Forstöðumaður: Þorvaldur Guðjónsson. Skólavörðuholt, 101 Reykjavík. Regnhlífarsamtök yfir allt félagslíf innan skólans og húsið er opið á opnunartíma skólans en skipulagt starfs er í höndum klúbba og nefnda og er dagskrártíminn breytilegur milli anna.

Samþykkt með 56,3% greiddra atkvæða, en 21,9% sátu hjá.

**Naustaskjól** – Forstöðumaður: Vilborg Hjörny Ívarsdóttir. Hólmatún 2, 600 Akureyri. Naustaskjól mun vera með aðstöðu í Naustaskóla og sinna félagsmiðstöðvarstarfi fyrir nemendur í 8-10 bekk. Opin hús eru 2x í viku og viðburðir og annað starf er í samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar sem starfa undir merkjum Félak eða Félagsmiðstöðvar Akureyrar.

Samþykkt með 98,4% greiddra atkvæða, en 1,6% sátu hjá.

**5. Lagabreytingar.** Niðurstöður kosninga um lagabreytingatillögur kynntar.

Fundarstjóri –Kynnir niðurstöður kosninga.

Lagabreytingatillaga 1

Frá stjórn Samfés: Að heiti Samfés verði Landssamtök félagsmiðstöðva á Íslandi.

**Núverandi grein:** 1. gr. Heiti samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi er Samfés, samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík. Á ensku heita samtökin Samfés - Youth Work Iceland.

**Breytingatillaga:** 1. gr. Heiti landssamtaka félagsmiðstöðva á Íslandi er Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Samtökin eru frjáls félagasamtök

félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík. Á ensku heita samtökin Samfés - Youth Work Iceland.

Samþykkt með 92,2% greiddra atkvæða, en 6,3% sátu hjá.

Lagabreytingatillaga 2

**Frá stjórn Samfés:** Að fulltrúar frá ungmennaráði ungmennahúsa fái einnig rödd á stjórnarfundum

**Núverandi grein:** 4. gr. Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar aðildarfélaga, hafi þau greitt árgjald og séu skuldlaus við samtökin á síðasta reikningsári. Fulltrúar hvers aðildarfélags hafa saman eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur og geta ekki kosið í umboði annars aðildarfélags.

Auk þess hafa fulltrúar Ungmennaráðs Samfés rétt til fundarsetu og saman eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur.

Þá geta fulltrúar skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála verið áheyrnarfulltrúar á aðalfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

**Breytingartillaga:** 4. gr. Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar aðildarfélaga, hafi þau greitt árgjald og séu skuldlaus við samtökin á síðasta reikningsári. Fulltrúar hvers aðildarfélags hafa saman eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur og geta ekki kosið í umboði annars aðildarfélags.

Auk þess hafa fulltrúar ~~Ungmennaráðs Samfés rétt til fundarsetu og saman eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur.~~ Ungmennaráða Samfés, þ.e. Ungmennaráð Samfés og Ungmennaráð ungmennahúsa, rétt til fundarsetu og fær hvort ráð eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur.

Þá geta fulltrúar skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála verið áheyrnarfulltrúar á aðalfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt með 98,4% greiddra atkvæða, en 1,6% sátu hjá.

Lagabreytingatillaga 3

**Frá stjórn Samfés:** Að lög félagsins öðlist gildi við samþykki þeirra

**Núverandi grein:** 5. gr. Lögum þessum skal aðeins breytt á aðalfundi samtakanna. Tillögur um breytingar á lögum samtakanna og umsóknir um aðild þurfa að berast stjórn a.m.k. 15 dögum fyrir aðalfund. Stjórn samtakanna skal kynna umsóknir um aðild og tillögur að lagabreytingum til aðila að samtökunum að minnsta kosti viku fyrir aðalfund. Við lagabreytingar þarf að minnsta kosti 3/5 greiddra atkvæða fundarmanna til þess að breyting sé löglega samþykkt.

**Breytingartillaga:** 5. gr. Lögum þessum skal aðeins breytt á aðalfundi samtakanna. Tillögur um breytingar á lögum samtakanna og umsóknir um aðild þurfa að berast stjórn a.m.k. 15 dögum fyrir aðalfund. Stjórn samtakanna skal kynna umsóknir um aðild og tillögur að lagabreytingum til aðila að samtökunum að minnsta kosti viku fyrir aðalfund. Við lagabreytingar þarf að minnsta kosti 3/5 greiddra atkvæða fundarmanna til þess að breyting sé löglega samþykkt. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt með 92,2% greiddra atkvæða, en 6,3% sat hjá.

Lagabreytingatillaga 4

**Frá stjórn Samfés:** Að einfaldur meirihluti ráði úrslitum allra mála er fara til kosningar.

**Núverandi grein:** 6. gr. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum Samfés. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Aukafundi svo oft sem þurfa þykir. Til funda skal boða með í það minnsta 30 daga fyrirvara og dagskrá kynnt. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Árgjald skal ákveða á hverjum aðalfundi og skal eindagi þess vera 15. september ár hvert, í upphafi hvers starfsárs.

Dagskrá aðalfundar

Skýrsla stjórnar og nefnda.

Ársreikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.

Inntaka nýrra félaga.

Lagabreytingar

Kosningar skv. 7. og 8. grein laga samtakanna.

Önnur mál.

Fundinum skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, nema er varða 4. lið í dagskrá aðalfundar.

**Breytingatillaga:** 6. gr. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum Samfés. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Aukafundi svo oft sem þurfa þykir. Til funda skal boða með í það minnsta 30 daga fyrirvara og dagskrá kynnt. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Árgjald skal ákveða á hverjum aðalfundi og skal eindagi þess vera 15. september ár hvert, í upphafi hvers starfsárs.

Dagskrá aðalfundar

Skýrsla stjórnar og nefnda.

Ársreikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.

Inntaka nýrra félaga.

Lagabreytingar

Kosningar skv. 7. og 8. grein laga samtakanna.

Önnur mál.

Fundinum skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, nema er varða 4. lið í dagskrá aðalfundar.

Samþykkt með 89,1% greiddra atkvæða, en 4,7% sátu hjá.

Lagabreytingatillaga 5

**Frá stjórn Samfés:** Sé kosið um formann og gjaldkera á sama tíma, skal kjósa til eins árs í það embætti er við á að hverju sinni.

**Núverandi grein:** 7. gr. Stjórn Samfés skal kosin á aðalfundi. Kjósa skal:

Formann

Gjaldkera

3 meðstjórnendur. Hlutverk þeirra eru varaformaður, ritari og meðstjórnandi.

1.-3. Varamaður

2 skoðunarmenn reikninga samtakanna

1 skoðunarmann reikninga til vara

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4. grein laga samtakanna.

Stjórnarmaður má lengst sitja í fimm ár samfelld. Honum er þá heimilt að bjóða sig fram til varastjórnar. Öðlast hann að nýju rétt til framboðs í aðalstjórn eftir eitt ár í varastjórn eða utan stjórnar. Ef sitjandi stjórnarmaður er kosinn formaður er heimilt að framlengja stjórnarsetu hans úr fimm í sjö ár. Hverjum aðila að samtökunum er aðeins heimilt að eiga einn fulltrúa í aðalstjórn eða einn fulltrúa í varastjórn.

Formaður og gjaldkeri eru kosnir til tveggja ára í senn og geta að hámarki setið tvö kjörtímabil. Kjörtímabil formanns og gjaldkera skulu skarast. Sé kosið um formann og gjaldkera á sama tíma, skal formaður kosinn til eins árs.

**Breytingatillaga:** Núverandi grein: 7. gr. Stjórn Samfés skal kosin á aðalfundi. Kjósa skal:

Formann

Gjaldkera

3 meðstjórnendur. Hlutverk þeirra eru varaformaður, ritari og meðstjórnandi.

1.-3. Varamaður

2 skoðunarmenn reikninga samtakanna

1 skoðunarmann reikninga til vara

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4. grein laga samtakanna.

Stjórnarmaður má lengst sitja í fimm ár samfelld. Honum er þá heimilt að bjóða sig fram til varastjórnar. Öðlast hann að nýju rétt til framboðs í aðalstjórn eftir eitt ár í varastjórn eða utan stjórnar. Ef sitjandi stjórnarmaður er kosinn formaður er heimilt að framlengja stjórnarsetu hans úr fimm í sjö ár. Hverjum aðila að samtökunum er aðeins heimilt að eiga einn fulltrúa í aðalstjórn eða einn fulltrúa í varastjórn.

Formaður og gjaldkeri eru kosnir til tveggja ára í senn og geta að hámarki setið tvö kjörtímabil. Kjörtímabil formanns og gjaldkera skulu skarast. Sé kosið um formann og gjaldkera á sama tíma, skal formaður kosinn til eins árs. Skal kjósa til eins árs í það embætti er við á að hverju sinni.

Samþykkt með 89,1% greiddra atkvæða, en 7,8% sátu hjá.

Lagabreytingatillaga 6

Frá stjórn Samfés: Að hætt sé að tala um fulltrúa ungmennaráðs sem aðal og varamenn.

**Núverandi grein:** 8. gr. Ungmennaráð Samfés skal kosið á landsmóti. Kjósa skal tvo fulltrúa úr níu kjördæmum, aðalfulltrúa til tveggja ára þannig að fulltrúar ungmennaráðs séu 18 og varafulltrúa til eins árs. Kjörgengir til ungmennaráðs Samfés eru fulltrúar aðildarfélaganna á

aldrinum 13-16 ára, hafi þau greitt árgjald og séu skuldlaus við samtökin á síðasta reikningsári. Fulltrúar hvers aðildarfélags hafa saman eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur og geta ekki kosið í umboði annars aðildarfélags.

**Breytingatillaga:** 8. gr. Ungmennaráð Samfés skal kosið á landsmóti. Kjósa skal tvo fulltrúa úr níu kjördæmum, ~~aðalfulltrúa til tveggja ára þannig að fulltrúar ungmennaráðs séu 18 og varafultrúa til eins árs~~ 18 fulltrúa til tveggja ára og 9 fulltrúa til eins árs þannig að fulltrúar ungmennaráðs Samfés séu 27. Kjörgengir til ungmennaráðs Samfés eru fulltrúar aðildarfélaga á aldrinum 13-16 ára, hafi þau greitt árgjald og séu skuldlaus við samtökin á síðasta reikningsári. Fulltrúar hvers aðildarfélags hafa saman eitt atkvæði er til atkvæðagreiðslu kemur og geta ekki kosið í umboði annars aðildarfélags.

Samþykkt með 87,5% greiddra atkvæða, en 10,9% sátu hjá

### **Lagabreytingatillaga 7**

Frá Laufey Sif Ingólfssdóttir, forstöðukonu í félagsmiðstöðinni Dimmu: Að meðstjórnendur séu kjörnir til tveggja ára í senn.

7. gr. Stjórn Samfés skal kosin á aðalfundi. Kjósa skal:

Formann

Gjaldkera

3 meðstjórnendur. Hlutverk þeirra eru varaformaður, ritari og meðstjórnandi

1.-3. Varamaður

2 skoðunarmenn reikninga samtakanna

1 skoðunarmann reikninga til vara

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4.grein laga samtakanna.

Stjórnarmaður má lengst sitja í fimm ár samfellt. Honum er þá heimilt að bjóða sig fram til varastjórnar. Öðlast hann að nýju rétt til framboðs í aðalstjórn eftir eitt ár í varastjórn eða utan stjórnar. Ef sitjandi stjórnarmaður er kosinn formaður er heimilt að framlengja stjórnarsetu hans úr fimm í sjö ár. Hverjum aðila að samtökunum er aðeins heimilt að eiga einn fulltrúa í aðalstjórn eða einn fulltrúa í varastjórn.

Breytingatillaga: 7. gr. Stjórn Samfés skal kosin á aðalfundi. Kjósa skal:

Formann

Gjaldkera

3 meðstjórnendur. Hlutverk þeirra eru varaformaður, ritari og meðstjórnandi

1.-3. Varamaður

2 skoðunarmenn reikninga samtakanna

1 skoðunarmann reikninga til vara

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4.grein laga samtakanna.

Stjórnarmaður má lengst sitja í fimm ár samfellt. Honum er þá heimilt að bjóða sig fram til varastjórnar. Öðlast hann að nýju rétt til framboðs í aðalstjórn eftir eitt ár í varastjórn eða

utan stjórnar. Ef sitjandi stjórnarmaður er kosinn formaður er heimilt að framlengja stjórnarsetu hans úr fimm í sjö ár. Hverjum aðila að samtökunum er aðeins heimilt að eiga einn fulltrúa í aðalstjórn eða einn fulltrúa í varastjórn. Meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára og fylgja kjörtímabili formanns.

Samþykkt með 64,1% greiddra atkvæða, en 14,1% sátu hjá.

4. Ársreikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.

Fundarstjóri kynnir niðurstöðu.

Skoðunarmenn reikninga 2019 voru Andri Lefever, Óðinn Lefever og varamaður var Gísli Rúnar Gylfason. Bókhaldsþjónustan ehf sér um eins og síðustu ár að bóka allar færslur, fara yfir og gera ársreikning.

Engar fyrirspurnir vegna ársreiknings 2019 bárust fyrir fundinn.

Ársreikningar Samfés 2019 voru samþykkir af kjörnum fulltrúum aðildarfélaganna með 90,6% greiddra atkvæða, en 9,4% sátu hjá.

6. Kosningar skv. 7. og 8. grein laga samtakanna.

**Fundarstjóri kynnir niðurstöður kosninga.**

6.1 Kjör formanns kynnt

Dúna Baldursdóttir var kjörin formaður með 96,9% greiddra atkvæða.

6.2 Kjör gjaldkera kynnt

Jóna Rán Pétursdóttir var kjörin gjaldkeri með 100% greiddra atkvæða.

6.2 Kjöri meðstjórnenda kynnt

Meðstjórnendur eru Áslaug Einarsdóttir, Hrafnhildur Gísladóttir og Laufey Sif Ingólfssdóttir.

6.3 Kjöri 1.-3. varamanns kynnt

Varamenn eru Maríanna Wathne Kristjánsdóttir, Guðbjörg Halldórsdóttir og Sonja

Nikulásdóttir.

6.4 Kjöri tveggja skoðunarmanna reikninga kynnt -

Fundastjóri: Tinna Heimisdóttir bauð sig fram til skoðunarmanns reikninga, og vantar enn embættið og einn til vara.

Dagný Björg Gunnarsdóttir býður sig fram í skoðunarmann reikninga.

Enn vantar varamann.

6.5 Kjör tengiliðs erlendra samskipta kynnt

Linda Björk Pálsdóttir hlaut 100% kjörinna atkvæða.

Við óskum eftir framboði til varamanns tengiliðs erlendra samskipta til eins árs.

Kári Sigurðsson hefur boðið sig fram til varamanns.

7. Dagskrá Samfés. Uppfærslur kynntar á fundinum.

Framkvæmdastjóri Victor Berg kynnir dagskrá

8. Tilnefningar í nefndir og ráð fara fram með rafrænum hætti fyrir fundinn.

8.1 Markaðsnefnd

8.2 Stíll undirbúningsnefnd

8.3 Danskeppni

8.4 Mótanefnd/Leiktækjamót Samfés

8.5 SamfésCon/Starfsdagar

8.6 Ungmennahúsanefnd

8.7. Skemmtinefnd

9. Önnur mál.

Allir þátttakendur beðnir að kveikja á myndavélum.. Skjáskot.

Formaður kvaddur og þakkað fyrir vel unnin störf.

Formaður Samfés: Guðrún Svava Baldursdóttir

Framkvæmdastjóri Samfés: Victor Berg Guðmundsson

